

### Aðalfundargerð :

Aðalfundur blakdeildar Hamars haldinn í íþróttahúsi við Skólamörk.  
Dags. 08. Febrúar 2016 kl. 20:00

Mættir: 25 manns.

### EFNI:

Formaður setur fund og leggur til fundarritara og fundarstjóra. Arna Mekkín Ragnarsdóttir ritari og Sigrún Kristjánsdóttir fundarstjóri. Samþykkt samhljóða.

Formaður, Össur Björnsson, flutti skýrslu stjórnar. Gjaldkeri, Huguín Ólafsdóttir, lagði fram reikninga deildarinnar. Reikningar deildarinnar voru kynntir og samþykktir. Helstu frávik frá reglulegum rekstri voru að töluverð endurnýjun var á áhöldum og Íslandsmót öldunga var dýrara en venja er þar sem það var haldið á Neskaupstað.

Eftirtalin voru kosin í stjórn deildarinnar:

Kristín Hálfánardóttir, formaður, Huguín Ólafsdóttir, gjaldkeri, Hermann Ólafsson, Karen Ragnarsdóttir og Hörður Reynisson, meðstjórnendur. Fráfallandi stjórnarmeðlimir voru Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Ásdís Linda Sverrisdóttir og Össur Björnsson og voru þeim þökkuð störf sín í þágu blakdeildarinnar.

Hilmar Sigurjónsson, þjálfari útnefndi blakmann ársins en það var Dagný Alma Jónasdóttir að þessu sinni.

Önnur mál:

Stofnuð var strandblaksnefnd sem heldur utan um þá aðila sem keppa í strandblaki. Hana skipa: Ragnheiður Eiríksdóttir, Ásdís Linda Sverrisdóttir, Haraldur Örn Björnsson, Birgitta Steinunn Sævarsdóttir og Dagný Alma Jónasdóttir. Einnig er áhugi fyrir því að fyrrnefnd strandblaksnefnd haldi skemmti- eða stigamót.

Til tals kom að halda hraðmót í blaki. Þær hugmyndir fengu lítinn hljómgrunn og engar ákvarðanir voru teknar varðandi það mál.

Enn er rætt um að blakdeild Hamars haldi öldungamót í blaki. Einnig var talað um kostnað við það að halda Öldungamót og hvernig skuli fjármagna það. Stjórnin ákvað að halda áfram þessum umræðum og ígrunda þetta mál og lagt var til að halda sérfund um þetta mál.

Kjörismót 2016 er áætlað viku fyrir öldungamótið í blaki. Kristín og Huguín koma til með að skipuleggja það mót og skipuleggja vinnu annarra blakdeildarmeðlima. Sú ákvörðun var samþykkt samhljóða.